Föstudaginn 26. apríl 1929.

Nr. 22/1929. **Réttvísin** (Pétur Magnússon)
gegn
Jóhannesi Jóhannessyni (Magnús Guðmundsson).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Með lögum nr. 67, 7. maí 1928, 3. gr., var dómsvald í sakamálum og almennum lögreglumálum Reykjavíkur lagt í hendur lögreglustjóra, og maður skipaður í það nýja embætti frá 1. jan. þ. á. Mál þetta heyrði því að lögum undir hann sem dómara, en hefir þó eigi verið rannsakað og dæmt af honum, heldur af sýslumanni Barðastrandarsýslu, Bergi Jónssyni, sem setudómara samkvæmt skipunarbréfi dómsmálaráðuneytisins 19. janúar þ. á. Hefir hinn skipaði verjandi ákæðrða krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins verði ómerkt, fyrir þá sök, að setudómarinn hafi ekki haft lögmæta löggildingu til að fara með málið og dæma það, þar sem hinn reglulegi dómari hafi ekki vikið sæti í því.

Í nefndu bréfi dómsmálaráðuneytisins er þess ekki getið, hversvegna málið var fengið í hendur setudómara, en eftir að dómur var kveðinn upp í héraði hefir dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 21. f. m., tilkynnt hæstarétti, að setudómari hafi verið skipaður vegna þess, að hinn regulegi dómari hefði lýst því yfir fyrir ráðuneytinu, að hann mundi ekki sjá sér fært að fara með málið, sökum fyrri aðstöðu sinnar við bæjarfógetaembættið. Og fylgdi þessu bréfi þar að lútandi yfirlýsing hins reglulega dómara, dags. sama dag.

Í málinu eru ekki fyrir hendi neinar upplýsingar um það, að hinum reglulega dómara hafi lögum samkvæmt verið skylt eða jafnvel heimilt að víkja sæti í því vegna málgengisbrests (inhabilitas specialis), sem ætla má, að hann hafi talið baga sig, né heldur, að lögmæt forföll, þ. e. hindranir, svo sem sjúkdómur, fjarvist eða annir hafi bannað honum að fara með málið, og verður auk þess eigi litið svo á, að fyr téð utanréttaryfirlýsing hans feli í sér endanlega ákvörðun um að víkja dómarasæti í málinu, enda hefði slík ákvörðun, er heyrir undir mat æðra dómstóls, átt eins og á stóð að koma fram í rétti áður en setudómarinn tók til starfa. Og þar sem þannig hinn reglulegi dómari hefir ekki vikið sæti í málinu, svo sem lög og réttarvenja útheimta, og með því ennfremur að gjöra má ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið hafi ætlazt til, að skipun setudómarans kæmi ekki til framkvæmda fyr en eftir að hinn reglulegi dómari hefði vikið sæti í málinu, þá verður að líta svo á, að setudómarinn hafi ekki haft heimilld til að fara með málið og dæma það. Verður því fyrir þessa sök að ómerkja hinn áfrýjaða aukaréttardóm og alla meðferð málsins fyrir aukaréttinum og lögregluréttinum.

Allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur og öll meðferð málsins fyrir aukaréttinum og lögregluréttinum á ómerk að vera.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir

hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, málflutningsmannanna, Pétur Magnússonar og Magnúsar Guðmundssonar, 80 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 1. maí 1929.

Nr. 27/1929. **Réttvísin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Jóhannesi Guðjónssyni (L. Jóhannesson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 3. jan. 1929: Ákærður, Jóhannes Guðjónsson, sæti 16 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo greiði hann og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður, og málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns, cand. jur. Þórhalls Sæmundssonar, 25 kr.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, má staðfesta hann, bæði að því, er ídæmda hegningu og málskostnað snertir, en með tilliti til þess að ákærði var aðeins 21 árs, er hann framdi brotið, og hefir ekki áður sætt ákæru fyrir refsivert athæfi, þykir mega ákveða samkv. 1. gr. l. nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingar hans skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.